
ÁRSSKÝRSLA

HEIMILIS OG SKÓLA
LANDSSAMTAKA FORELDRA

2018



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 17. maí 2019
í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir
Texti: Hrefna Sigurjónsdóttir og Guðberg K. Jónsson
Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir
Forsíðumynd: Freepik
Myndir: Heimili og skóli, Pati Makowska Photography og MOTIV/Pálmi Ásbjarnarson
Ábyrgðarmaður: Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
Prentun: Svansprent

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

EFNISYFIRLIT

Inngangur **4**

1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla **4**
1.1. Stjórn 4
1.2. Stjórnarfundir 5
1.3. Starfsmenn 5

2. Starfsemi **5**
2.1. Húsnæði 5
2.2. Félagsmenn 5
2.3. Samstarfssamningur 5

3. Helstu verkefni **6**
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar 6
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið 7
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök 8
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 8
3.5. Foreldradagurinn 10
3.6. Lestrarátak Ævars vísindamanns 10
3.7. Krakkar með krökkum 11
3.8. Verum vakandi 11
3.9. SAFT 11

4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða **14**
4.1. Útgáfa 14
4.2. Heimasíða og facebook 14

5. Fundir, fræðsla og aðrir viðburðir **15**

6. Samstarf innanlands **15**

7. Norrænt samstarf **16**

8. Lokaorð **17**

Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra **18**

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um bætta og örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjum *Better Internet*. Verkefnið er styrkt af ESB og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum sem og að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi og taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um bætta netnotkun og netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2018 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

| 1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Kosið var til stjórnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 23. maí 2018. Kjósa þurfti um þrjá stjórnarmenn og einnig formann stjórnar. Eydís Heiða Njarðardóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þórður Ingi Bjarnason og Þröstur Jónasson gáfu kost á sér en Eydís, Sigríður og Þröstur hlutu kosningu. Anna Margrét Sigurðardóttir lauk fjögurra ára formannstíð sinni og átta ára stjórnarsetu í stjórn Heimilis og skóla og þökkum við innilega hennar dýrmæta framlag til samtakanna og í þágu barna og foreldra. Hún var fyrsti formaður samtakanna af landsbyggðinni. Jenný Ingudóttir, varaformaður stjórnar, lauk einnig stjórnarsetu en hún hafði þá setið í stjórn samtakanna í sjö ár og eru einnig færðar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson buðu sig fram til formanns en atkvæði féllu Sigrúnu Eddu í vil. Þröstur tók að sér að vera varaformaður. Stjórn samtakanna skipa eftirfarandi:

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, *formaður* | Garðabæ
Þröstur Jónasson, *varaformaður* | Kópavogi
Eydís Heiða Njarðardóttir | Reykjavík
Inga Dóra Ragnarsdóttir | Árborg
Kristjana Þórey Guðmundsdóttir | Hafnarfirði
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir | Reykjavík
Þorvar Hafsteinsson | SAMKÓP, Kópavogi

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir. Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson eru til vara.



BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR
verkefnastjóri



GUÐBERG K. JÓNSSON
verkefnastjóri SAFT



HILDUR HALLDÓRSDÓTTIR
verkefnastjóri



HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
framkvæmdastjóri



SIGURÐUR SIGURÐSSON
verkefnastjóri

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru sex stjórnarfundir á starfsárinu.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna árið 2018 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir,
framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson,
verkefnastjóri SAFT
Bryndís Jónsdóttir,
verkefnastjóri
Hildur Halldórsdóttir,
verkefnastjóri
Sigurður Sigurðsson,
verkefnastjóri

Hildur og Sigurður hófu störf 17. september 2018.

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í sálfræði, uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Samningur við Reiti var endurnýjaður til fimm ára við árslok. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða. Reitir hafa stutt samtökin með hagstæðri leigu í gegnum árin og þakka Heimili og skóli stuðninginn.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög leik-, grunn- og framhaldsskóla. Skráðir félagsmenn voru 2.383 talsins við árslok 2018, þar af 2.281 einstaklingar og þar af greiddu 1.435 félagar félagsgjöld á árinu.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var síðast undirritaður 21. mars 2013 og gilti hann frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016. Samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneyti hafa staðið yfir í rúm þrjú ár. Árið 2017 voru gerðir viðaukasamningar bæði vegna þjónustusamnings milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla annars vegar og vegna samnings þriggja ráðuneyta og Heimilis og skóla um SAFT verkefnið hins vegar. Ekki tókst að klára nýjan þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneyti á árinu en gerður var viðauki við árslok 2018 þar sem heildarframlag ársins 2019 verður 20 milljónir króna líkt og síðustu tvö ár. Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti er unnið að útboði vegna samnings á árinu 2019 þar sem Heimili og skóli sækja þá um að halda áfram að sinna starfseminni og þá yrði samið til lengri tíma.

| 3 | HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlestrum og hafa Heimili og skóli boðið upp á fjölbreytta fræðslu á árinu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og facebook, eftir fremsta megni. Einnig heimsækir fólk þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf og efni.

Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá er helst hringt vegna mála sem flokkast undir „annað“ (49%) en um helmingur mála er þar undir. Oft getur verið flókið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. Símtöl vegna nemenda koma þar næst en um 23,6% ráðgjafar snúast um nemendur. Þar á eftir er haft samband vegna stjórnar skóla (12,7%) og því næst er haft samband vegna aðbúnaðar/öryggis (5,5%). Símtöl vegna námsefnis og kennara voru um 3,6% hvor flokkur fyrir sig en 2% símtala eru óskilgreind. Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni.

Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (43,64%). Því næst koma foreldrafélög/skóla- og foreldraráð (14,55%), skólastjórnendur (9,09%), kennarar (7,27%), aðrir (5,45%), stjórnsýsla (3,64%), fjölmiðlar (3,64%), ekki vitað (3,64%), bekkjarfulltrúar (1,82%) og aðstandendur (1,82%). Óskilgreind símtöl voru um 5,44%. Sjá mynd 2.


Einhver breytileiki er á viðfangsefnum ráðgjafar milli ára en þó eru foreldrar ávallt meirihluti þeirra sem leita ráðgjafar og yfirleitt er hringt vegna nemanda eða það flokkast undir annað. Fjölmiðlar leita iðulega til samtakanna en þau samskipti eru sjaldnast skráð sérstaklega enda tíð. Stundum skarast flokkarnir.

Mál nemenda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.


Þegar kemur að námi er oftast haft samband vegna kennslu (19,05%) eða aðbúnaðar. Um 14,29% ráðgjafar vegna náms tengjast skólastjórn og einnig eru 14,29% tengd sveitarfélagi. Um 9,52% snúa að kennara og önnur 9,52% að námsmati. Um 4,76% tengjast námsefni, 4,76% lesblindu og önnur 4,76% lögum og reglugerðum.

Þegar um er að ræða andlega líðan nemenda eru um 35,29% ráðgjafarinnar vegna eineltis. Árið 2017 var meirihluti ráðgjafar tengdri andlegri líðan einnig vegna eineltis, eða 43% en þá hafði orðið umtalsverð hækkun frá árinu 2016. Þá voru um 25% ráðgjafar sem tengdust andlegri líðan vegna eineltis. Ljóst er því að einelti er enn stór hluti ráðgjafarinnar. Um


MYND 1
VEGNA HVERS ER HRINGT?



MYND 2
HVERJIR HRINGJA?



MYND 3
RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



23,53% eru vegna hegðunar, 17,65% vegna kvíða (sem er tæp 5% hækkun frá árinu áður) og einnig eru 17,65% vegna nemendaverndar (sem er tæp 9% hækkun frá árinu áður). Að lokum eru 5,88% vegna félagslegrar einangrunar.

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (91,11%) en leik- og framhaldsskólastigið sóttust jafnmikið eftir ráðgjöf og upplýsingum árið 2018, eða um 4,44% hvort skólastig. Í raun kemur ekki á óvart að grunnskólinn sé fyrirferðarmestur þar sem um er að ræða lengsta skólastigið og skólaskyldu. Einnig hafa samtökin þjónustað það skólastig frá upphafi.

Þegar foreldrasamtök höfðu samband var oftast leitað eftir ráðgjöf og/eða spurt um skipulag og starfshætti (42,86%). Því næst var leitað eftir fræðslu og fyrirlestrum (21,43%) og spurt um réttindi og skyldur (21,43%). Að lokum var leitað eftir upplýsingum um aðkomu að stjórnsýslu (14,28%).

Hluti ráðgjafarinnar tengist netnotkun og fellur þá undir SAFT verkefnið: Samfélag, fjölskylda og tækni. Þar má helst nefna netöryggi/siðferði (20%), ráðgjöf (15%), lög og reglur (35%) og námsefni (30%). Sjá mynd 3.

Þar skiptast efnistök jafnt í þrjá yfirflokka ráðgjafar þar sem 1/3 fellur inn í hvern eftirfarandi flokka: netöryggi/siðferði, námsefni og ráðgjöf.

SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins, 1717. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnir skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (53,82%), félagsleg vandamál (13,98%), heilbrigðisvandamál (4,73%), neysla og fíkn (5,45%), ofbeldi (5,88%), spilavandi (0,14%), kynferðismál (3,01%) og ýmislegt (22,90%).

Ný persónuverndarlöggjöf

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018. Með lögunum var leidd í íslenskan rétt persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR, General Data Protection Regulation). Heimili og skóla barst fjöldi ábendinga um hamlandi áhrif laganna á foreldrasamstarf, eða í það minnsta áhrif þeirra ráðstafana sem gerðar voru í fyrstu. Í ljós kom að margt var á misskilningi byggt og því var ráðist í að vinna leiðbeiningar til skólasamfélagsins um áhrif og framkvæmd nýju laganna. Heimili og skólu söfnuðu ábendingum frá foreldrum sem komið var áleiðis til Persónuverndar sem sendi frá sér ábendingar vegna misskilnings í skólasamfélaginu um gildissvið nýrra persónuverndarlaga í október 2018. Unnið er að frekara fræðsluefni um persónuvernd í samstarfi SAFT og Persónuverndar.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglinga. Samtökin bjóða upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, Læsissáttmálann, einelti og vináttufærni og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga og bætta netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra. Auk þessa sníðum við fræðsluna að þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli vinna að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land. Þau eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott starf í samfélaginu.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna.

Fyrri fulltrúaráðsfundur ársins var haldinn föstudaginn 23. mars 2018 í Vatnsendaskóla í Kópavogi. Á fundinn mættu fulltrúar frá SAMFOK í Reykjavík, SAMKÓP í Kópavogi, SAMTAKA á Akureyri, SAMMOS í Mosfellsbæ og Foreldraráði Hafnarfjarðar. Ingunn Huld Kristófersdóttir og Sigrún Brynjólfsdóttir, deildarstjórar í Vatnsendaskóla, tóku á móti hópnum og að lokinni skoðunarferð um skólann sagði Sigurður Haukur Gíslason, kennsluráðgjafi, frá spjaldtölvuvæðingunni í grunnskólum Kópavogs. Kynnt var væntanleg ráðstefna NOKO – Nordisk Kommitté í Osló, Noregi en fulltrúum foreldra bauðst að skrá sig á ráðstefnuna. Í lokin voru umræður og var m.a. rætt um slysatryggingar barna á skólatíma, vettvangsferðir í skólum og kostnað foreldra við þær og hvernig virkja megi foreldra enn frekar til starfa í skólasamfélaginu.



Frá fulltrúaráðsfundi í Vatnsendaskóla í Kópavogi.

Seinni fulltrúaráðsfundurinn var haldinn 2. nóvember 2018 í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla og var hann sama dag og Foreldradagur Heimilis og skóla. Þátttakendum bauðst að taka þátt í ráðstefnunni Læsi í krafti foreldra eftir fundinn. Á fundinn mættu fulltrúar frá SAMFOK í Reykjavík, SAMKÓP í Kópavogi, SAMTAKA á Akureyri, Grunnstoðum í Garðabæ, SAMMOS í Mosfellsbæ og einnig formaður Heimilis og skóla. Á fundinum var í upphafi rætt um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs Heimilis og skóla og sögðu fulltrúar frá því sem efst var á baugi í þeirra heimabyggð og starfi sinna svæðasamtaka. Einnig var rætt um hlutverk bekkjarfulltrúa og mikilvægi þess að foreldrar og skólastarfsmenn tali á jákvæðan og uppbyggilegan hátt um hlutverk bekkjarfulltrúa. Að vera bekkjarfulltrúi væri ekki afplánun heldur gjöf til barna. Einnig var rætt um hve mikilvægt væri að vekja athygli á og jafnvel veita viðurkenningu fyrir gott starf í þágu skólasamfélagsins.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 23. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 15. maí 2018. Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin ásamt Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur, formanni dómnefndar og Önnu Margréti Sigurðardóttir, formanni stjórnar Heimilis og skóla. Ráðherra nefndi í ávarpi sínu að íslenskt skólakerfi stæði frammi fyrir ýmsum áskorunum en öflugt skólasamfélag og ekki síst foreldrar væru mikilvægir bandamenn í þeirri umbótavinnu sem framundan væri. Nemendur frá Suzukipíanóskólanum fluttu tónlist við upphaf og lok viðburðarins og boðið var upp á veitingar að athöfn lokinni.

Verkefnið „Láttu þér líða vel“ í Vogaskóla hlaut Foreldraverðlaunin 2018. Guðrún Gísladóttir, kennari í Vogaskóla fer fyrir verkefninu og tók við verðlaununum. Nemendur og starfsfólk skólans taka öll þátt í verkefninu en Vogaskóli er einnig þátttakandi í Heilsueflandi grunnskóla á vegum Embættis Landlæknis. Verkefnið leggur áherslu á geðrækt og mikilvægi þess að byrja við upphaf skólagöngu að veita nemendum verkfæri til að



Mynd: MOTIV/Pálmi Ásbjarnarson

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2018.

stjórna eigin hegðun og líðan. Í skólanum hefur m.a. verið boðið upp á jóga, slökun og núvitundarþjálfun ásamt fræðslu sem nýtist börnum bæði í skólanum og heima fyrir. Markmiðið er að vinna gegn andlegri vanlíðan sem rannsóknir sýna því miður sem vaxandi vandamál meðal grunnskólabarna. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda og sýna fram á fjölbreytileika samfélagsins þar sem allir eiga jafnan rétt á að vera þeir sjálfir. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður dómnefndar, sagði við afhendingu verðlaunanna að það að hlúa að geðheilsu og að styrkja sjálfsmynd barna myndi ekki einungis efla nemendur og bæta líðan þeirra heldur hefði það einnig jákvæð áhrif á námsárangur, skólastarf og skólabrag. Verkefnið myndi enn fremur efla samstarf heimila og skóla með hagsmuni barna og samfélagsins að leiðarljósi. Guðrún sagði verðlaunin vera gríðarlega hvatningu til að halda áfram á sömu braut og gera meira.

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla 2018 var Birgitta Bára Hassenstein sem var formaður SAMFOK, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, í fjögur ár og þar áður sat hún í stjórn samtakanna. „Birgitta Bára brennur fyrir málefnum og réttindum barna í grunnskólum og er leitun að annarri eins ástríðu og dugnaði," segir í tilnefningu. Hún var áheyrnarfulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur og hefur setið í fjölmörgum starfshópum sem fjalla um málefni grunnskólans, allt í sjálfboðavinnu. Hún hefur staðið fyrir fjöldamörgum öflugum verkefnum og síðast var



Mynd: MOTIV/Pálmi Ásbjarnarson

Handhafi Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2018 ásamt formanni dómnefndar, mennta- og menningarmálaráðherra og formanni Heimilis og skóla.



Mynd: Pati Makowska Photography

Yfirskrift Foreldradagsins sem haldinn var 2. nóvember sl. var „Læsi í krafti foreldra“ og héldu Heimili og skóli og Menntamálastofnun viðburðinn í sameiningu þetta árið.

hún hugmyndasmiður og driffjöður í verkefninu „Allir með – tölum saman um skólamenningu á Íslandi“ sem unnið var í samstarfi SAMFOK og Móðurmáls – samtaka um tvítyngi. Verkefnið gekk út á að virkja foreldra barna af erlendum uppruna í foreldrastarfi. Það verkefni hlaut sérstök Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla 2018 en í tengslum við verkefnið voru haldin 10 málþing um skólamál á Íslandi á tíu tungumálum.

Í dómnefnd árið 2018 sátu:

- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Aðalheiður Steingrímsdóttir, Kennarasamband Íslands
- Guðni R. Björnsson, forvarnaráðgjafi
- Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Við þökkum dómnefnd vel unnin störf.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn í áttunda sinn 2. nóvember 2018 í samstarfi við Menntamálastofnun. Boðið var upp á ráðstefnu undir heitinu Læsi í krafti foreldra – samstarf heimila og skóla um læsisuppeldi á Grand hótel. Aðgangur var frír og var ráðstefnan afar vel sótt, bæði á ráðstefnustað og á netinu en viðburðinum var streymt og hann tekinn upp.

Dagskráin var eftirfarandi:

- Ávarp | Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla
- Eitthvað öðruvísi – Lestrarátak Ævars | Ævar Þór Benediktsson, leikari og rithöfundur
- Stafrænn málheimur íslenskra barna | Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, íslenskuprófessorar
- Sögur – allir hafa sína sögu að segja | Sigyn Blöndal og Sindri Bergmann Þórarinsson frá Krakka-RÚV
- Kaffihlé og veitingar
- Lesið út í geim og aftur heim | Dröfn Vilhjálmsdóttir, bókasafnsfræðingur
- Ertu leiðtogi í námi barnsins þíns? | Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs Menntamálastofnunar
- Kappsmál – Fjörmikill sjónvarpsþáttur um íslenska tungu | Rúnar Freyr Gíslason og Bragi Valdimar Skúlason frá RÚV
- Hvað er mikilvægast? | Ungmennaráð SAFT
- Umræður og pallborð

Fundarstjóri var Gunnar Helgason, leikari og rithöfundur.

3.6. LESTRARÁTAK ÆVARS VÍSINDAMANNS

Lestrarátak Ævars vísindamanns fór fram 1. janúar til 1. mars 2018. Átakið er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, leikara og rithöfundar. Átakinu er ætlað að kveikja áhuga barna í 1. til 7. bekk í

grunnskólum landsins á lestri og dregin eru út fimm nöfn úr innsendum miðum. Vinningshafar hlutu verðlaun þar sem þeir voru gerðir að persónum og ofurhetjum í bókinni Ofurhetjuvíddin eftir Ævar Þór Benediktsson. Eftir talningu á innsendum lestrarmiðum kom í ljós að yfir 53.000 bækur voru lesnar í átakinu. Heimili og skóli voru auk annarra í samstarfi við Ævar og tóku við útfylltum lestrarmiðum, líkt og fyrri ár, aðstoðuðu við talningu og útdrátt og sendu upplýsingar um átakið á netverk samtakanna.

3.7. KRAKKAR MEÐ KRÖKKUM

Krakkar með krökkum er yfirskrift verkefnis gegn einelti sem Heimili og skóli og SAFT vinna í samstarfi við söng- og leikkonuna Sölku Sól Eyfeld og Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og einn eigenda KVAN. Undirbúningur verkefnisins fór fram árið 2018. Hugmyndin kviknaði í framhaldi af útgáfu handbókar um einelti og vináttufærni sem Heimili og skóli gáfu út í samstarfi við Vöndu undir lok árs 2017. Þar var m.a. reynt að nálgast viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni þannig að gripið væri fyrr inn í samskiptavanda og þá mögulega komið í veg fyrir einelti. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að samstarfi og jákvæðri menningu í skólasamfélaginu og koma á fót sjálfbæru verkefni sem stuðlar að vináttufærni og góðum samskiptum með því að hvetja krakka til að standa með öðrum krökkum og eiga í góðum samskiptum sín á milli. Verkefnið er hugsað út frá hugmyndafræði jafningjafræðslu og reynslunáms. Hugmyndin er að skapa tækifæri fyrir nemendur í 9. bekk til að vera jákvæðir leiðtogar. Tækifæri sem mun efla þau og styrkja. Vonir standa til að þau verði í framhaldinu góðar fyrirmyndir sem hafa jákvæð áhrif á skólabrag. Ekki má gleyma þeim bekkjum sem fá fræðsluna, þau vinna með bekkjaranda, samskipti, einelti og leiðtogafærni, ásamt því að kynnast eldri nemendum og hafa þá sem fyrirmyndir. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir foreldra og skólastarfsfólk á sama tímabili.



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannsson, dró nöfn fimm væntanlegra ofurhetja í næstu bók Ævars úr innsendum miðum Lestrarátaks Ævars vísindamanns en um 53 þúsund bækur voru lesnar í átakinu í þetta sinn.

3.8. VERUM VAKANDI

Haustið 2017 fór verkefnið Verum vakandi af stað og hélt áfram árið 2018. Á árinu var farið með fræðslu í sjö sveitarfélög: Reykjanesbæ, Akranes, Vestmannaeyjar, Egilsstaði, Fjarðabyggð, Ísafjörð og Höfn. Í verkefninu taka Heimili og skóli og Rannsóknir og greining höndum saman og bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra barna í 8.-10. bekk og í fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Fjallað er um niðurstöður rannsókna meðal barna og unglinga í viðkomandi sveitarfélagi og því næst um mikilvægi foreldra í forvörnum og átján ára ábyrgð. Lýðheilsusjóður og Velferðarsjóður styrktu verkefnið. Fræðsluyfirvöld og foreldrafélög viðkomandi skóla voru virkjuð í að bjóða foreldrum á fræðslufundina og einnig nýttu Rannsóknir og greining tækifærið til að bjóða sveitarstjórnum og starfsfólki skóla á svæðinu upp á fundi um niðurstöður rannsókna í þeirra sveitarfélagi.

3.9. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum *Better Internet*. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar meginaðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu

- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem styrkt er af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti (nú samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti) og velferðarráðuneyti hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólastarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, samgöngu- og sveitarstjórna og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheillum, Fjölmiðlanefnd, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífinu, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum Evrópusambandsins.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2018 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í fimmtánda sinn 6. febrúar 2018. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!" og yfir 130 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins opnaði SAFT nýja heimasíðu og sendi nýtt kennsluefni á leik, grunn- og framhaldsskóla landsins ásamt heilræðum og leiðbeinandi efni til foreldra.

Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 12-18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið og standa fyrir jafningjafræðslu í heimahéraði.

Fræðsluerindi

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði tvö til þrjú erindi á viku. SAFT fræðsla í 6. bekkjum grunnskóla í Reykjavík hélt áfram.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er http://saft.is. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og youtube rás.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í sam-



SAFT á EMEA child safety summit 2018 með Facebook og Google.



SAFT tók þátt í IGF - Internet Governance Forum í París í nóvember 2018. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla tók þátt í pallborði í málstofu um samfélagsmiðla og andlega heilsu ásamt fulltrúum Facebook, Tumblr, CBS News, After School App og ungmennaráðsfulltrúa.

starfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

Barnaþing

Á degi mannréttinda barna 20. nóvember tók SAFT þátt í að skipuleggja Barnaþing undir yfirskriftinni „Hvaða áhrif hefur tæknin á líf mitt“. En Barnaþingið sem haldið var að frumkvæði Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis er liður í forvörnum og heilsueflingu og miðar að því að efla vitund nemenda í 6. bekk um heilsu, velferð og tækni.

Börn og miðlanotkun

Á árinu var foreldrahandbókin Börn og miðlanotkun uppfærð og nýtt upplag prentað. Handbókin er gefin út af fjölmiðlanefnd, SAFT og Heimili og skóla. Hún var upphaflega framleidd af MEKU, fjölmiðlafræðslu-, hljóð- og myndmiðladeild KAVI, hljóð- og myndmiðlastofnun finnska ríkisins.

Handbók um einelti og vináttufærni – forvarnir og viðbrögð

Heimili og skóli og SAFT gáfu út Handbók um einelti og vináttufærni í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur og KVAN en þar er meðal annars að finna umfjöllun um neteinelti.

Fíkn eða frelsi

Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík var í janúar skipulagt málþing undir yfirskriftinni „Sálræn og félagsleg áhrif snjalltækja, samfélagsmiðla og tölvuleikja“. Fjölmörg erindi voru flutt og þátttaka var með besta móti, bæði í sal og með streymi en yfir 200 manns fylgdust með streyminu.

Ung börn og snjalltæki

Á árinu var unninn foreldrabæklingurinn „Ung börn og snjalltæki: Grunnur að góðri byrjun“. En þar er m.a. fjallað um hvernig fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu að fara fram undir handleiðslu forráðamanna og/eða annarra fullorðinna og að sameiginleg reynsla og leiðsögn stuðlar að ánægjulegri upplifun og góðri byrjun barnsins í heimi tækninnar.

Persónuvernd

Með innleiðingu nýrra persónuverndarlöggjafar þótti mikilvægt að fá fulltrúa Persónuverndar inn í stýrihóp SAFT. Í kjölfarið hófst undirbúningur á samstarfsverkefni sem felur í sér námseiningar fyrir grunnskólanemendur, heilræði til foreldra og kennara og viðmið/leiðbeiningar fyrir skólastjórnendur.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir Evrópuráðsverkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Ýmsir viðburðir voru haldnir á árinu til þess að vekja athygli á verkefninu.

Núverandi samningur

Síðasti samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður 2016 og rann hann hann út í desember 2018. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Rauði kross Íslands, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og dómsmálaráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). ESB samþykkti nýjan verkefnasamning í lok árs 2018 og gildir hann frá janúar 2019 og út desember 2020.

| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Einnig hefur verið mikill áhugi á sáttmálanum erlendis frá í tengslum við íslenska forvarnamódelið og var hann því þýddur á ensku fyrir alla aldurshópa. Sú útgáfa er einungis til á tölvutæku formi en hefur ekki verið prentuð. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum og bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á http://heimiliogskoli.is og http://saft.is.

Læsissáttmáli

Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla sem notið hefur mikilla vinsælda. Læsissáttmálinn inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara. Á fundinum er efni sáttmálans rætt og ítarefni dreift til foreldra þar sem farið er nánar í hvert atriði sáttmálans. Þegar umræður hafa farið fram og foreldrar borið saman bækur sínar um hvað þeim finnst mikilvægt í þessu samhengi er sáttmálinn undirritaður og hengdur upp, yfirleitt í skólastofu barnanna. Þannig eru umræðurnar rammaðar inn á táknrænan hátt og sýnilegar nemendum. Auk sáttmála og ítarefnis eru til bókamerki, kvittanahefti og ísskápsseglar sem tengjast verkefninu. Einnig voru útbúin lestrarbingó til að nýta í skólafríum og er þetta efni í stöðugri dreifingu.



Mynd: Pati Makowska Photography

Sérblað Heimilis og skóla sem dreift var með Fréttablaðinu.

Handbók um einelti og vináttufærni

Ný handbók um einelti og vináttufærni var gefin út í nóvember 2017. Megináherslan er á forvarnir, fróðleik og hagnýt ráð. Handbókin hentar foreldrum, fagfólki og börnunum sjálfum og byggir á nýjustu rannsóknum og vitneskju. Höfundar eru Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. Unnið var að forvarna- og jafningjafræðsluverkefninu Krakkar með krökkum árið 2018 í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur og Sölku Sól Eyfeld.

Tímarit

Árið 2018 var ákveðið að gefa út sérblað Heimilis og skóla með Fréttablaðinu 13. september. Blaðinu var dreift með Fréttablaðinu um land allt og á netinu. Einnig létu samtökin prenta 1000 aukaeintök til dreifingar á fræðslu og viðburðum Heimilis og skóla og SAFT. Í sérblaðinu var starfsemi Heimilis og skóla kynnt og einnig fjallað um uppeldi, skólastarf, netnotkun og fleira.

Fjallað er um útgáfu er tengist SAFT verkefninu í SAFT kafla hér á undan.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, http://heimiliogskoli.is, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (Facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú 4.634 fylgjendur, þ.e. það er sá fjöldi sem kann að meta síðuna (like). Færðar eru inn fréttir og annað efni nánast daglega. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en ýmsar upplýsingar og efni á heimasíðu.

SAFT er með eigin síðu, http://saft.is og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook (2.095 fylgjendur), Twitter og Youtube. Auk þessa sjáum við um vefsíðuna neteinelti.is og facebook síðurnar neteinelti.is (804 fylgjendur) og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð (1.617 fylgjendur). Vefsíða SAFT verkefnisins var uppfærð á árinu.

| 5 | FUNDIR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2018. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og héldu erindi. Samtökin eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan og hefur áhugi á íslenska módelinu svokallaða vakið mikla athygli á starfi Heimilis og skóla erlendis frá. Íslenska módelið snýst um árangur Íslendinga í forvörnum og hvernig tókst að stórminnka unglingadrykkju með sameiginlegu átaki stjórnvalda, háskólasamfélagsins og grasrótarinnar. Við höfum tekið á móti fjöldamörgum erlendum aðilum, ýmist fjölmiðlum eða erindrekum frá stjórnsýslunni, sem hafa haft áhuga á að kynna sér starfsemi Heimilis og skóla í þessu samhengi. Heimsóknir erlendra aðila hafa stóraukist og sér ekki fyrir endann á þeim áhuga.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- *Velferðarvaktin*, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson til vara.
- *Náum áttum* er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð. Bryndís Jónsdóttir.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótta- og ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Bryndís Jónsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í félagsráði Radda.
- *Dagur leikskólans* er haldinn á hverju ári og viðurkenningin Orðsporið afhent við það tækifæri. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í undirbúnings- og dómnefnd.
- *Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement)*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- *RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun*. Guðberg K. Jónsson.
- *Gegn einelti – verkefnisstjórn eineltisteymis*. Ráðuneyti mennta- og menningarmála, dómsmála og fjármála. Guðberg K. Jónsson er þar ráðgefandi fyrir SAFT verkefnið.
- *Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla*. Bryndís Jónsdóttir.
- *Fag- og stýrihópur heilsueflandi grunnskóla*, Embætti landlæknis. Bryndís Jónsdóttir.
- *Stýrihópur um stefnu menntunar án aðgreiningar* – Menntun fyrir alla. Bryndís Jónsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- *Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun*, dómsmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni*, dómsmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar*. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.

- *Innleiðing rafrænna prófa*, Menntamálastofnun. Þröstur Jónasson.
- *Starfshópur um samræmd könnunarpróf*. Þorvar Hafsteinsson.
- *Samráðshópur um endurnýjun á fræðsluefni Barnasáttmálans*. Hildur Halldórsdóttir.
- *Samráðshópur um barnaþing Umboðsmanns barna 2019*. Hildur Halldórsdóttir
- *Skuggaskýrsla/viðbótarskýrsla til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna*. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- *Starfshópur um geðrækt í skólum*. Hildur Halldórsdóttir.
- *Verkefnastjórn vegna aðgerða í menntamálum*. Sigríður Arndís Jóhannsdóttir.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af *Almannaheill – samtökum þriðja geirans*. Ketill B. Magnússon hefur verið fulltrúi Heimilis og skóla í því starfi og formaður stjórnar Almannaheilla síðastliðin ár.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á.
- Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna og verða þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður/varaformaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.
- *Nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi og áreitni*. Guðberg K. Jónsson.
- *Sterkari út í lífið*. Hrefna Sigurjónsdóttir og Guðberg K. Jónsson til vara.

| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli taka þátt í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Einnig er haldin ráðstefna annað hvert ár. Haldinn var NOKO fundur formanna og framkvæmdastjóra í Reykjavík 18.-20. mars og undirbjuggu Heimili og skóli dagskrána í samstarfi við ritara samtakanna. Boðið var upp á skólaheimsókn í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði og kynningar á íslenska forvarnamódelinu frá Rannsóknum og greiningu og forvarnastarfi Reykjavíkurborgar. Einnig var sagt frá frístundakortum og skólastefnu Reykjavíkurborgar. NOKO foreldraráðstefnan var haldin á Gardermoen í Noregi 14.-15. september 2018 undir formerkjunum „Mangfold og tilpasning" þar sem þemað var fjölbreytileiki og aðlögun í skólastarfi. Boðið var upp á áhugaverð erindi og vinnustofur og einnig fundaði stýrihópur NOKO. Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði NOKO: http://noko.hemochskola.webbhuset.fi/start/. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla, tók við forystuhlutverki í NOKO og fer Ísland nú með formennskuna til ársins 2020 en þá verður ráðstefna NOKO haldin hér á landi. Finnar fara áfram með verkstjórn.



Formenn og framkvæmdastjórar norrænna foreldrasamtaka, NOKO - Nordisk Komitté funduðu á Íslandi og þótti við hæfi að smella af einni mynd við Höfða.

Norrænt samstarf gegn einelti

Á árinu 2018 hófst formlega norrænt samstarf gegn einelti en Friends International Center Against Bullying í Svíþjóð (Stiftelsen Friends) hafði í nokkurn tíma verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum í því augnamiði að skapa þennan vettvang (Nordic Anti-Bullying Network). Fyrsti fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum Friends í Stokkhólmi miðvikudaginn 21. febrúar 2018 og var annar fundur haldinn hjá Folkhälsan í Helsinki 21. nóvember 2018. Sú ferð var einnig nýtt til fundarhalda með ritara NOKO – Nordisk Kommitté en Ísland gegnir nú formennsku í samtökunum.

| 8 | LOKAORÐ

Árið 2018 hefur verið samtökunum Heimili og skóla viðburðarríkt. Anna Margrét Sigurðardóttir sem gegnt hafði hlutverki formanns Heimilis og skóla frá árinu 2014 lét af embætti og er henni þakkað fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna.

Heimili og skóli endurnýjuðu á árinu samkomulag við Reiti eiganda leiguhúsnæðis að Suðurlandsbraut 24 um áframhaldandi stuðning vegna skrifstofuhúsnæðis samtakanna. Það er samtökunum mikils virði að eiga öflug fyrirtæki í bakvarðasveit sinni sem sýna velvilja og stuðning í verki til að efla það grasrótarstarf sem unnið er á vegum samtakanna í þágu barna og ungmenna.

Í framhaldi af endurnýjuðu samkomulagi ákvað stjórn samtakanna að huga að endurbótum á húsnæðinu. Óhætt er að segja að margir, bæði starfsmenn, stjórnarmenn og aðrir velunnarar hafi unnið mikið og gott starf í þágu samtakanna. Í dag eru framkvæmdir á stórbættri fundaraðstöðu samtakanna langt komnar en það er von okkar að hún komi til með að bæta allan aðbúnað til funda- og námskeiðshalds svo eitthvað sé nefnt. Vil ég nota tækifærið og færa öllum þeim sem hafa lagt verkefninu lið, innilegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag í þágu samtakanna.

Á haustmánuðum tókum við hjá Heimili og skóla við formennsku í NOKO, Nordisk Kommitté, af Norðmönnum sem gegnt höfðu því hlutverki til tveggja ára. NOKO er samstarfsvettvangur foreldrasamtaka á Norðurlöndum. Ekki er langt síðan Heimili og skóli fullgiltu að nýju aðild sína að samtökunum árið 2017 en það mun falla í okkar hlut að leiða starf samtakanna til næstu tveggja ára. Formannstíð okkar mun ljúka með ráðstefnu sem haldin verður hér á landi haustið 2020 en undirbúningur vegna hennar er þegar hafinn.

Ekkert lát hefur verið á áhuga erlendra aðila, jafnt fjölmiðla sem skóla og sveitarfélaga víðs vegar að úr heiminum, sem sýnt hafa hinu íslenska forvarnarmódeli og hlutdeild okkar foreldra í þeim árangri einlægan áhuga og vilja til að læra af góðri reynslu. Enda um einstakan árangur að ræða sem mikilvægt er að standa vörð um.

Samtökin skrifuðu undir viljayfirlýsinguna Íslenska er stórmál á Skólamálaþingi Kennarasambandsins í október en með henni staðfestum við vilja okkar og áhuga á að stuðla að virkri notkun íslenskunnar og vinna saman að því að skapa jákvæðari viðhorf hjá börnum og unglingum til íslenskrar tungu. Verkefnið fellur vel að Læsissáttmála Heimilis og skóla og bindum við vonir við að þróa það verkefni enn frekar með það að markmiði að halda áfram að efla læsi og hlúa að íslenskri tungu. Eða eins og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í ávarpi sínu að viljayfirlýsingin eykur samtakamáttinn og hann þurfum við til að snúa vörn í sókn fyrir íslenskuna.



SIGRÚN EDDA EÐVARÐSDÓTTIR
formaður Heimilis og skóla

Heimili og skóli hafa í gegnum árin átt mjög gott samstarf við ráðuneyti mennta- og menningarmála sem og önnur ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur félagasamtök.

Enn er hins vegar beðið eftir endurnýjuðum þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti en óvissa með fjármögnun til lengri tíma hefur gert samtökunum erfitt fyrir. Sem stendur erum við með viðaukasamning til eins árs sem rennur út um áramótin. Landssamtökin Heimili og skóli hafa fyrir löngu sannað mikilvægi sitt. Við höfum nú þegar ýmsum skyldum að gegna og til að hægt sé að horfa til framtíðar og hlúa að mikilvægu grasrótarstarfi samtakanna og því mikilvæga forvarnarhlutverki sem samtökin hafa tekið að sér að standa vörð um, þarf fjármagn að vera tryggt. Eftir að hafa verið undirmönnuð vegna starfsmannabreytinga um tíma ákvað stjórn samtakanna að ráða til starfa tvo nýja starfsmenn þar sem tilfinnanleg áhrif þess að vera undirmönnuð voru farin að bitna á starfi samtakanna og mun óneitanlega taka tíma að byggja upp að nýju. Við bindum því miklar vonir við að það fari að birta til og rekstrargrundvöllur samtakanna verði tryggður hið fyrsta.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum fyrir þeirra framlag til samtakanna og framkvæmdastjóra og starfsmönnum þakkir fyrir einstaklega gott og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim foreldrum/forráðamönnum hvort sem þeir eru á leik- grunn- eða framhaldsskólastigi og vinna að góðu foreldrastarfi í skólum landsins á vettvangi foreldrafélaga, foreldraráða, skólaráða eða fulltrúaráða fyrir þeirra ómetanlega framlag við að gera gott skólasamfélag enn betra.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA – LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:
a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
d) Kosning í stjórn samtakanna
e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.
Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál

8 gr. Tekjur samtakanna eru:
1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 2008.







Frá aðalfundi samtakanna 2018. Fráfarandi formaður og varaformaður voru leystir út með gjöfum.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimiliogskoli.is